

AUGLÝSING um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 12. júní 2007, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á svæði hafnarinnar á Akranesi.

Breytingin felst í því að lóðunum nr. 3-5 og 7 við Faxabraut verður skipt í þrjár lóðir og sameiginlegt athafnarsvæði lóðanna verður fellt niður. Byggingarreitur er markaður á lóðinni nr. 3 og sett kvöð á land Akraneskaupstaðar, í austurhorni skipulagssvæðisins, um neðanjarðardælustöð og aðkomu að henni.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr., 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 23. júlí 2007.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 23. júlí 2007